

AUGLÝSING

um aðild Íslands að Greiðslubandalagi Evrópu.

62

27. marz

Hinn 14. febrúar 1951 var Efnahagssamvinnustofnun Evrópu afhent fullgild-ingarskjal Íslands varðandi milliríkjasamning um Greiðslubandalag Evrópu, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 19. september 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 27. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

63

30. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna hinna stórfelldu breytinga, sem orðið hafa í viðskipta- og fjárhagsmálefnum landsins síðan lög um Landsbanka Íslands voru sett árið 1928, þyki nauðsyn bera til þess að fella niður til bráðabirgða 20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, enda verða um þau málefni, er áminnt lagagrein fjallar um, sett ákvæði, er lokið er þeirri heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni, er nú stendur yfir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, er úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.